Fréttir af verkefninu og staða framkvæmda

- Fjárlaganefnd Alþingis skoðar framkvæmdir við nýjan Landspítala
- Framkvæmdir vestan við Eirberg
- Jarðvinna vegna bílakjallara undir Sóleyjartorg
- Jarðvegsframkvæmdir vegna tengiganga
- Jarðvegsframkvæmdir fyrir nýjan meðferðarkjarna
- Lokafrágangur við ný bílastæði norðan við Eirberg
- Jarðvegsframkvæmdir sunnan við Eirberg
- Lokafrágangur við ný bílastæði við vesturgafl gamla Landspítala
- Varúð við akstur í námunda við vinnusvæði meðferðarkjarnans

Fjárlaganefnd Alþingis skoðar framkvæmdir við nýjan Landspítala

Fulltrúar frá fjárlaganefnd Alþingis skoðuðu nýlega framkvæmdir við nýjan Landspítala við Hringbraut.
Auk fulltrúa fjárlaganefndar var fulltrúi frá stjórn NLSH ohf., framkvæmdastjóri Hringbrautarverkefnisins auk aðalverkefnastjóra FSR á verkstað.

Framkvæmdir vestan við Eirberg

Jarðvegsframkvæmdir standa hér yfir

Bílastæði sem þegar hafa verið tekin í notkun

Vestan Eirbergs standa framkvæmdir yfir við jarðvinnu þar sem unnið er að lækkun götunnar vestanverðu við Eirberg og samhliða því mun verða flutningur á bílastæði. Bílastæðinu hefur verið lokað í áföngum og er nú komið að fullu undir framkvæmdir. Vinna við gröft er hafin og reiknað er með að bergskeringar (sprengivinna) á þessu svæði verði í gangi næstu tvær vikurnar.
Tekin hafa verið í notkun ný bílastæði skammt sunnan við þau stæði sem munu loka. Áætlað er að þessum framkvæmdum verði lokið í apríl.
Nýju bílastæðin eru ætluð fyrir starfsmenn, sjúklinga og aðstandendur þeirra.
(Sjá nr. 1 á korti)

Jarðvinna vegna bílakjallara undir Sóleyjartorg

Jarðvegsvinna við grunn bílakjallara

Unnið er áfram að jarðvegsframkvæmdum við grunn bílakjallara og gengur verkið vel. Búið er að losa um 90% af heildarmagni efnis fyrir meðferðarkjarna og bílakjallara.
Nýr bílakjallari mun rísa undir Sóleyjartorgi, austan við meðferðarkjarna og sunnan við Gamla Spítala.
Sett hefur verið upp ný timburgirðing sem skilur að nýju akstursleiðina frá Burknagötu, um bílastæði G og þar upp á götuna sem liggur sunnan við gamla Landspítala.
Stefnt er að því að jarðvegsframkvæmdum vegna bílakjallara ljúki í apríl.
(Sjá nr. 2 á korti)

Jarðvegsframkvæmdir vegna tengiganga

Frá meðferðarkjarna til suðurs koma tengigangar í nýtt rannsóknahús sem mun rísa á lóð Landspítala. Um er að ræða fjóra tengiganga sem liggja úr meðferðarkjarna og yfir í byggingar sem rísa munu sunnan við Burknagötu.
Búið er að sprengja fyrir tengigöngunum og losa efnið en brottflutningur á efni verður ekki fyrr en uppsteypa á nýjum meðferðarkjarna hefst.
(Sjá nr. 2 á korti)

Jarðvegsframkvæmdir fyrir nýjan meðferðarkjarna

Jarðvegsframkvæmdir við grunn nýs meðferðarkjarna hafa gengið vel á framkvæmdatíma og er að mestu lokið. Í mars og apríl verður unnið við bergskeringar í norður - og vesturvegg ásamt smávægilegum bergskeringum í botni grunnsins. Stefnt er að ljúka vinnu við grunninn í lok apríl.
Öll umferð um framkvæmdasvæðið er bönnuð og svæðið vaktað til að auka öryggi vegfarenda.
(Sjá nr. 4 á korti)

Lokafrágangur við ný bílastæði norðan við Eirberg

Tafir hafa orðið vegna veðurs að ganga frá gerð hellulagðra eyja sem mynda munu gönguleið þar sem keyrt er inn á stæðin. Einnig er eftir að merkja bílastæðin og mála.
Gjaldskylda er hafin á stæðunum sem eru ætluð fyrir sjúklinga og aðstandendur þeirra.
(Sjá nr. 5 á korti)

Jarðvegsframkvæmdir sunnan við Eirberg

Jarðvegsframkvæmdir á svæðinu sunnan við Eirberg og geðdeildarhús standa enn yfir.
Lokið er lagningu hitaveitu en eftir er að tengja og ganga frá fráveitulögnum og vatnslögn.
Svæðið verður hellulagt og sett snjóbræðsla í gangstéttir.
Mikilvægt er að virða merkingar á svæðinu varðandi bílastæði og gæta varúðar við akstur.
(Sjá nr. 6 á korti)

Lokafrágangur við ný bílastæði við vesturgafl Gamla spítala.

Ekki hefur verið hægt að klára hellulagnir og annan frágang við ný bílastæði við vesturgafl gamla Landspítala sökum veðurs.
Bílastæðin hafa verið tekin í notkun og eru ætluð fyrir gesti spítalans og eru gjaldskyld.
Stefnt er að því að verkið klárist í lok mars.
(Sjá nr. 7 á korti)

Sýnið varúð við akstur í námunda við vinnusvæði meðferðarkjarnans.

Akstur vinnutækja inn á vinnusvæði meðferðarkjarnans er frá götu út frá Læknagarði. Búið er að merkja gönguleiðir og göngubrautir yfir götuna fyrir gangandi vegfarendur en ökumönnum er bent á að sýna aðgát við akstur á svæðinu.
Akstur frá Vatnsmýrarvegi, við jaðar framkvæmdasvæðis, upp á Gömlu Hringbraut er bannaður nema akstur strætisvagna.
(Sjá nr. 8 á korti)

Yfirlitsmynd af svæðinu sem sýnir framkvæmdasvæði nýs Landspítala og gönguleiðir

Nánari upplýsingar.

Allar upplýsingar um framkvæmdina verða birtar á upplýsingasíðum NLSH, Landspítala og Háskóla Íslands og annarra hagsmunaaðila eftir því sem verða vill. Einnig mun upplýsingum verða reglulega komið á framfæri í fjölmiðlum ef miklar breytingar verða á umferðarfyrirkomulagi.

Nánari tæknilegar- og verkframkvæmdaupplýsingar veita:
Ásbjörn Jónsson verkefnastjóri NLSH, 841 7050 eða netfangið asbjorn@nlsh.is
Aðrar almennar upplýsingar veitir Magnús Heimisson samskiptastjóri NLSH, 866 1378 eða magnus@nlsh.is.

Sértækar upplýsingar veitir af hálfu Landspítala Stefán Hrafn Hagalín 897 3644 stefanhh@landspitali.is og frá Háskóla Íslands Björn Gíslason 896 0876 bgisla@hi.is

Hringbrautar verkefnið

nlsh.is